Minnisblað

ROADEX rannsóknir á umferðarminni vegum

Bakgrunnur

ROADEX verkefnið hefur verið starfrækt síðan 1998 og þar hefur safnast saman mikið af upplýsingum er snerta uppbyggingu, viðhald og ástandsmat umferðarminni vega. Heimasíða ROADEX (<u>roadex.org</u>) er mikið sótt og fær að meðaltali yfir 10.000 heimsóknir á mánuði víðsvegar að úr heiminum og þá aðallega frá tæknifólki, veghöldurum og öðrum sem þurfa að taka ákvarðanir og meta veghlot. Það hefur verið stefna ROADEX frá upphafi að hafa opinn aðgang að allri birtri þekkingu og rannsóknum.

Verkefnið hófst með styrkveitingu frá Evrópusambandinu til samstarfs vegagerða í Norður-Evrópu, en þátttakendur komu frá Finnlandi, Íslandi, Írlandi, Noregi, Skotlandi og Svíþjóð og var markmið verkefnisins að deila bestu starfsvenjum landanna sem og innleiða og prófa nýjar lausnir. Með ROADEX verkefninu hefur í gegnum árin verið tekið saman mikið magn heimilda, þeim komið á aðgengilegt form, stundaðar margskonar rannsóknir og gert kennsluefni s.s. netnám (e. e-learning) varðandi umferðarminni vegi. Árið 2012 lauk stuðningi frá Evrópusambandinu, en síðan þá hafa stofnanir og fyrirtæki rekið og fjármagnað ROADEX samstarfið. Sem stendur eru 13 fyrirtæki og stofnanir að baki ROADEX frá öllum löndum er stóðu upphaflega að verkefninu.

Verkefnið hlaut viðurkenninguna RegioStars frá Evrópusambandinu árið 2009 og árið 2018 voru áætlanir og tækni verkefnisins viðurkennd af "Global Road Achievement Award" af "International Road Federation" fyrir "Asset Preservation and Maintenance Management".

Haldnir eru reglulegir samráðsfundir þar sem farið er yfir hugmyndir að rannsóknum, miðlað af reynslunni og farið yfir nýjustu aðferðir og tækni ROADEX. Þá geta öll aðildarlönd komið með hugmyndir að rannsóknum og lagt fyrir spurningalista til samstarfsaðila. Talið er að samstarfið styrki aðildalönd og aðra áhugasama aðila með þróun og upplýsingaöflun á nýrri tækni og fyrirbyggjandi viðhaldi sem aftur leiðir til stórfellds sparnaðar.

Årangur og afrakstur

ROADEX er alþjóðlega vel þekkt og hefur hlotið alþjóðlegar viðurkenningar meðal veghaldara og tæknimanna á sviði vegagerðar. Þetta hefur verið eini vettvangurinn þar sem sérstök áhersla er lögð á umferðarminni vegi, sem og mjög litla dreifbýlis-, námu- og / eða skógarvegi. Á síðastliðnum 25 árum hefur samstarfið skilað yfir 70 tækniskýrslum, kynningarmyndböndum, netnámi, kynningum, námskeiðum, málstofum og fleira. Fjögur netnámskeið hafa verið gefin út og voru endurskoðuð árin 2020 og 2021:

- <u>Varanlegar niðurbeygjur</u> (e. Permanent Deformation)
- <u>Vegir um mýrlendi</u> (e. Roads on Peat)
- <u>Afvötnun umferðarminni vega</u> (e. Drainage of Low Volume Roads)



Síða 1/2

Vegagerðin

Þorbjörg Sævarsdóttir Hafdís Eygló Jónsdóttir • <u>Umhverfisáhrif umferðarminni vega</u> (e. Environmental Considerations for Low Volume Roads)

Nýtt námskeið sem fjallar um malarvegi, allt frá hönnun vegbyggingar, efnisvali til viðhalds er að líta dagsins ljós. Finna má ýmsan fróðleik á heimasíðu ROADEX, en það sem samstarfið hefur umfram allt skilað er:

- Nánu samstarfi þvert á fyrirtæki og stofnanir, sem hvetur til notkunar nýjustu aðferða og tækni í viðhaldsstjórnun, þ.m.t. fyrirbyggjandi viðhalds og hámarks endingu umferðarminni vega.
 The Partner Knowledge Bank ROADEX Managing Road Conditions
- Nýrri tækni við ástandsmat vega.
 Road Condition Management
- Rannsóknum á áhrifum nýrra kynslóða þungra ökutækja, mismunandi dekkja á umferðarminni vegi og líftíma slitlags.
 Effect of Axle and Tyre Configurations on Pavement Durability – a prestudy

Sem stendur eru margar rannsóknir í gangi svo sem:

- Viðamikilar rannsóknir á malarvegum.
- Samspil fyrirbyggjandi viðhalds og verðurfars.
- <u>PEHKO</u> verkefnið, þar sem Finnska vegagerðin ásamt fleirum vinnur að innleiðingu ROADEX aðferða og metur sparnað.
- Áhrif af nýjum og breyttum áherslum við vetrarþjónustu.
- Skoðar og þróar nýja tækni til ástandsmats og hvernig safna má rauntímaupplýsingum.
- Hvernig er best er að geyma og vinna úr öllum þeim aragrúa upplýsinga sem safnast.

Þá hafa aðilar verkefnisins getað lagt spurningarlista fyrir hvor aðra um allt mögulegt sem tengist vegum og veghelgunarsvæðum s.s. um eign og ábyrgð veituaðila, löggjöf varðandi þungaakstur og svo mætti lengi telja.

Vegagerðin

Síða 2/2